

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimitaug skal vera kr. 2 270,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 379,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 577 30. júní 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Stokkseyrar.****I. RAFORKA**

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 5,10 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósra og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 6,35 kr/kWh.

2. Heimili o.fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald 4,65 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 5,10 kr/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarks afl 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 1,60 kr/kWh.
Aflgjald 4 840,00 kr/kW. á ári.

4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 2,31 kr/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag.
Orkugjald 0,88 kr/kWh.

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald 3,33 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald 1,03 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	372,00
Orkumælir, þrífasa	877,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1 500,00
Aflmælir	1 430,00
Aflmælir með straumspennum	2 270,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	22 800,00	742,00	6 080,00
3 × 63	24 700,00	742,00	10 500,00
3 × 100	39 200,00	1 140,00	13 300,00
3 × 200	77 500,00	1 880,00	
3 × 315	123 000,00	2 190,00	
3 × 400	157 000,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	279 000,00	—	
3 × 1200	469 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði

rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 5 040,00 3 × 63 A kr. 6 800,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 333,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með birtingardegi gjaldskrárinnar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá rafveitunnar nr. 577 30 júní 1983 með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1. Um kWh-mæli á kr. 18,50 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWh-mæli á kr. 7,68 á hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 82,20 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 27,30 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 4,77 hverja kWh.